

Sp.

345. Tillaga til þingsályktunar

[175. mál]

um skipunartíma opinberra starfsmanna.

Flm.: Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka upp þá reglu við skipun háttsettra opinberra starfsmanna, að skipunartími þeirra verði miðaður við 4—6 ár í senn. Ríkisstjórnin heiti sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum í samræmi við þessa ákvörðun.

Greinargerð.

Þegar opinberir starfsmenn eru skipaðir er það meginregla hér eins og annars staðar, að skipun þeirra sé óuppsegjanleg. Frávik frá þeirri reglu eru þau, að starfsmaður brjóti af sér, starfið sé lagt niður eða fullnægi ekki almennum skilyrðum, sbr. lög nr. 38/1954. Að öðrum kosti halda þeir starfi sínu þar til þeir ná hámarksaldri. Í þessu er fólgið mikið öryggi fyrir viðkomandi starfsmenn og skapar um leið nokkra festu í opinberri stjórnsýslu. Með löngu starfi öðlast menn reynslu og þekkingu, sem getur reynst ómetanleg.

Á hinn bóginn hefur verið bent á, að starfsmenn gerist værukærir og vanabundnir á löngum starfsaldri og að embætti og starfsemi þeirra staðni, þegar sömu starfsmennirnir séu ráðandi þar um langan aldur.

Ljóst er, að ekki er fært né rétt að breyta þeirri meginreglu, að opinber störf séu óuppsegjanleg, enda felast í þeirri reglu ein mikilvægustu réttindi opinberra starfsmanna. Sú regla þarf þó ekki að ná til allra opinberra starfsmanna, og er þá átt við æðstu embættismennina, ráðuneytisstjóra, forstjóra stofnana, deildarstjóra og önnur umfangsmikil embætti. Öll eru þessi embætti vel launuð og eftir-sóknarverð sem slík, og líklegt má telja, að menn sækist ekki eftir þeim vegna æviráðningarinnar, heldur vegna mannaforráðanna, starfsins sjálfs og þeirrar stöðu, sem embættið skapar viðkomandi. Ef menn standa sig í starfi, má gera ráð fyrir að þeim gefist kostur á endurráðningu að skipunartímanum liðnum, ef hann er takmarkaður, en ella hafi þeir skapað sér slíkt álit, að engum vandkvæðum væri bundið að ganga inn í önnur jafnvel launuð störf. Takmarkaður skipunartími væri hins vegar frekara aðhald um að rækja starf sitt af kostgæfni, sem aftur kæmi stofnuninni til góða.

Mikilsvert er, að hæfir menn gegni æðstu embættum stjórnkerfisins. Þeir móta stofnun og embætti meir en flestir aðrir, ráða vinnubrögðum og þeirri þjónustu, sem stofnun þeirra veitir. Þess eru mörg dæmi, að embættismenn hafi gerst svo áhrifamiklir, að litlu hafi skipt, hvaða ráðherrar hafi verið yfirmenn þeirra frá einum tíma til annars.

M. a. af þessum ástæðum hefur sú skoðun fengið byr undir báða vængi, að háttsettir og áhrifamiklir embættismenn eigi að vera undir einhverju aðhaldi. Flestir munu sennilega viðurkenna, að það sé óæskilegt og óviðunandi að stofnun sitji uppi með forstjóra, sem reynist ófær til starfsins eða er dragbitur á framgang mála vegna ihaldssemi eða skilningsleysis á hlutverki sínu.

Það skal tekið fram, að þetta er ekki sagt að neinu gefnu tilefni. Yfirleitt eru embættismenn hér á landi hæfir menn. Og það er ekki vilji flutningsmanns, að sú stefna, sem tillagan felur í sér, taki til þeirra, sem nú eru í starfi, hún verði hins vegar tekin upp smám saman við ráðningar nýrra manna í slík embætti.